



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

ÍTR - Smíðavellir

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavikur

ÍTR - Smíðavellir

Formáli

ÍTR tók við rekstri á starfsvöllum barna (smíðavöllum) sumarið 1995, en rekstur þeirra hafði áður verið í höndum Garðyrkjustjóra. Fyrsta starfsárið undir stjórn ÍTR voru starfræktir fjórtán vellir með 28 leiðbeinendum og tveimur mönnum við efnisöflun.

Smíðavellir



Íþrótt- og tómstundasvið starfrækir smíðavelli á 12 stöðum í sumar. Helstu viðfangsefni barnanna eru kofasmíðar og smíði á ýmiss konar smáhlutum. Kofana geta börnin flutt heim til sín þegar smíðinni er lokið. Greiða skal 2.000 kr. ef óskað er eftir að kofi verði fluttur heim að lóðarmörkum heimila barna í Reykjavík. Skráningargjald er 500 kr. fyrir hvert barn og greiðist við skráningu.

Smíðavellir eru undir daglegri stjórn leiðbeinenda og ætlaðir börnum á aldrinum 8-12 ára. Þeir eru starfræktir frá 12. júní til 4. ágúst ef þátttaka er nægjanleg.

Opið er á virkum dögum frá kl. 9.00-12.00 og 13.00-16.00.

Forráðamönnum barnanna er bent á að ekki er um gæslu að ræða. Á alla smíðavelli er frjáls mæting. Upplýsingar eru veittar í frístundamiðstöðvum viðkomandi hverfis og á skrifstofu ÍTR í síma 411-5000.

Einnig má sjá á vefsíðu ÍTR ljósmyndir frá starfi smíðavalla:

Þann 27. nóvember 2006 barst Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjöl varðandi smíðavelli Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur (ÍTR) fyrir tímabilið 1995 – 2006, og var skjalasafn þetta tekið til skráningar í febrúar 2007.



Leiðbeinendur
geta skapað
góða
stemningu
eins og
sjá má

Eina sem hér
vantar er Óli Prik
og frú, en
hundurinn
er á hlaupum



Börnin koma til
með að muna
eftir þessum
velli í framtíðinni



Á hverjum smíðavelli voru 2 leiðbeinendur sem sáu um rekstur hans, og skráðu þeir ýmsar upplýsingar varðandi rekstur vallarins í almenna dagbók (veðurlýsingar o. fl.) ásamt því að skrá viðveru barnanna, verkfæranotkun, o. fl.

Gögn (mappa) leiðbeinenda á smíðavelli hafa m. a. að geyma dagskrárblað (staðsetning og tímabil), ljósmyndir (ljósmyndir af kofum á ýmsum byggingastigum), skráningarblöð, nafnalista, teikningar af ýmsum gerðum kofa og smáhluta, slysaskýrslur, blöð með minnispunktum um verkefnahugmyndir og verklagsreglur og leyfisblöð fyrir heimkeyrslu kofa.

Askja 1

Ýmis skjöl varðandi starfsmannahald og rekstur 1998 og 1999. Reikningar (frumgögn og ljósrit frumgagna), kvittanir, bókunarbeiðnir o. fl. Starfsmanna- og starfsáætlanir: Tillögur um fyrirkomulag sumarráðninga, starfsauglýsingar, starfslýsingar, verklagsreglur og þjálfun; atvinnuumsóknir, ráðningarsamningar, starfsmannalistar, vinnuskýrslur, launalistar, fjarvistaskrár, spurningarlistar og minnisblöð. Einnig fjárhagsáætlanir starfsleikvalla (smíðavalla) ásamt kostnaðargreiningu.

Askja 2

Ýmis skjöl varðandi starfsmannahald og rekstur 2001 og 2002. Reikningar (frumgögn og ljósrit frumgagna), kvittanir, bókunarbeiðnir o. fl. Starfsmanna- og starfsáætlanir: Tillögur um fyrirkomulag sumarráðninga, starfsauglýsingar, starfslýsingar, verklagsreglur og þjálfun; atvinnuumsóknir, ráðningarsamningar, starfsmannalistar, vinnuskýrslur, launalistar,

fjarvistaskrár, spurningarlistar og minnisblöð. Einnig fjárhagsáætlanir starfsleikvalla (smíðavalla) ásamt kostnaðargreiningu.

Askja 3

Aðalega reikningar og útskriftir kostnaðartala fyrir 1999 – 2003, launayfirlit og verðkönnun 2003. Kvittanir fyrir þáttökugjöld á smíðavöllum.

Askja 4

Skjöl leiðbeinenda og dagbækur 2000. Foldaskóli 2002

Askja 5

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 1995; skýrslur, reikningar og erindisbréf 1995. Gögn leiðbeinenda 1996. Ljósmyndafilmur: myndir af starfsemi smíðavalla 1995 – 2006.

Askja 6

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 2002.

Askja 7

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 2005.

Askja 8

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 2003. Kvittanahefti þáttökugjalda 2002, 2003, 2004.

Askja 9

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 1997 og 2004.

Askja 10

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 2006. Kvittanahefti þáttökugjalda 1999, 2000, 2005, 2004.

Askja 11

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 1998 og starfsumsóknir á smíðavöllum 1999.

Askja 12

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 1999. Kvittanahefti þáttökugjalda 2001 og 2003.

Askja 13

Dagbækur og gögn leiðbeinenda 2001.

Skráð í febrúar 2007,
BK